


Aðalfundur 2011



Fundargerð

Aðalfundur settur kl.20:05 í fundarsal Vinnueftirlitsins.

Mættir:

Gunnar B. Gunnarsson, Guðmar Marelsson, Einar P. Einarsson, Steinþór Agnarsson, Pétur Hjálmarsson, Guðni V. Sveinsson, Magnús Kristinsson, Sverrir Gunnlaugsson, Gunnar M. Magnússon, Sigurður S. Magnússon, Guðni Sigurjónsson, Haraldur Sæmundsson, Ágúst Borgþórsson, Ólafur Magnússon, Albert Guidice og Lúðvík Sigurðsson.

Magnús Kristinsson formaður setti fundinn. Sverrir Gunnlaugsson kosinn fundarstjóri. Formaður las skýrslu stjórnar og gjaldkeri kynnti því næst reikninga félagsins. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða eftir smá fyrirspurnir um einstaka liði. Guðni V. Sveinsson og Gunnar M. Magnússon voru samhljóða kosnir í áframhaldandi stjórnarsetu sem vallarstjóri og meðstjórnandi.

Engar lagabreytingar eða tillögur lágu frammi á fundinum.

Undir liðnum önnur mál spurði Pétur H. um stofnár félagsins sem er 1992. Lúðvík spurði um félagsfjölda sem var 43 um síðustu áramót. Steinþór ræddi um Patró International 2011 flugkomuna. Formaður talaði um fyrirhugaða lækkun trjáa við flugbrautir.

Aðalfundi slitið kl.20:35.

Þá gæddu gestir sér á dýrindis marsipanköku frá Valgeirsbakarí og skemmtu sér vel yfir frumsýningu á vídeóannál FMS frá 2010. Til gamans má geta þess að hann var heimsfrumsýndur í Kenía í morgun þar sem félagi Ingólfur er staddur þessa vikuna.

Sverrir Gunnlaugsson